



Borgarráð

***Tillaga að jafnréttismati vegna fyrstu aðgerða Reykjavíkurborgar til viðspyrnu vegna Covid-19***

Lagt er til að borgarráð samþykki að fram fari jafnréttismat á samþykktum tillögum um viðspyrnu vegna Covid-19 sem unnið verði í samráði við stýrihóp um kynjaða fjárhags- og starfsáætlun.

***Greinargerð***

Á fundi borgarráðs þann 26. mars 2020 var samþykkt tillaga borgarstjóra, dags. 25. mars 2020, að fyrstu aðgerðum Reykjavíkurborgar til viðspyrnu vegna Covid-19. Tillögunni fylgdu aðgerðir í 13 liðum. Mikilvægt er að huga að ólíkum áhrifum aðgerðanna á ólíka hópa í samfélaginu áður en farið er í framkvæmd þeirra og að fram fari jafnréttismat. Þar sem því verður ekki við komið áður en ráðist er í fyrstu aðgerðir er taka annarsvegar til frestun gjalda, niðurfellingu og lækkunum og hinsvegar sveigjanleika í innheimtu og gjaldfrestun er brýnt að safna saman kyngreindum og tölulegum gögnum um framkvæmdina sem hægt verði að rýna síðar. Lagt er til að sérfræðingar í jafnréttismálum hjá mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu komi að þessari vinnu.

Dagur B. Eggertsson